

Miðvikudaginn 4. október 1961.

Nr. 130/1961. **Benedikt Sigurjónsson f. h. herstjórnanda  
varnarliðs Bandaríkjanna á Íslandi**  
gegn  
**Þorsteini Brandssyni.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

### Dómur Hæstaréttar.

Með kæru, dags. 5. júlí 1961, sem Hæstarétti barst 14. s. m., hefur sóknaraðili skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafizt þess, að úrskurðinum verði hrundið, málinu vísað frá héraðsdómi og varnaraðilja dæmt að greiða málskostnað fyrir héraðsdómi og svo kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og sóknaraðilja verði dæmt að greiða honum málskostnað í frávísunarmáli í héraði og kærumálskostnað.

Varnarsamningur milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkjanna á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins frá 5. maí 1951 og viðbótarsamningur um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra frá 8. maí s. á., sem lögfestir voru með lögum nr. 110/1951, geyma eigi ákvæði, sem ráða megi af, að herstjórn Bandaríkjanna á Íslandi skuli hlíta lögsögu íslenzkra dómstóla um skipti sín við aðilja hér á landi, og eigi er fyrir hendi að alþjóðalögum regla, er selji herstjórnina undir lögsögu íslenzkra dómstóla um skipti sín við menn, er hún ræður hér til starfa.

Samkvæmt þessu verður að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og vísa máli varnaraðilja á hendur sóknaraðilja frá héraðsdómi.

Eftir atvikum er rétt, að kostnaður af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

### Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og vísast

máli varnaraðilja, Þorsteins Brandssonar, á hendur sóknaraðilja, Benedikt Sigurjónssyni f. h. herstjórnanda varnarliðs Bandaríkjanna á Íslandi, frá héraðsdómi.

Kostnaður af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

#### Úrskurður aukadóms Keflavíkurflugvallar 4. júlí 1961.

Ár 1961, þriðjudaginn 4. júlí, var á aukadómpingi Keflavíkurflugvallar, er haldið var í réttarsal lögreglustöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli af hinum reglulega dómara, Birni Ingvarssyni, upp kveðinn úrskurður um frávísunarkröfu í aukadómpingsmálinu nr. 2/1961: Þorsteinn Brandsson gegn Benjamin G. Willis ofursta f. h. varnarliðs Bandaríkjanna á Íslandi.

Mál þetta, er tekið var til úrskurðar 29. f. m., hefur Þorsteinn Brandsson, vélstjóri í Reykjavík, höfðað fyrir aukadómpingi Keflavíkurflugvallar með stefnu, útgefinni 28. apríl 1961, gegn Base Commander Benjamin G. Willis ofursta fyrir hönd varnarliðs Bandaríkjanna á Íslandi til greiðslu ógreiddra launa vegna veikinda fyrir tímabilið 1. janúar 1958 til 15. júní 1958, kr. 23.379.49, auk 7% ársvaxta frá 15. júní 1958 til 22. febrúar 1960 og 9% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómara.

Mál þetta var þingfest 4. maí 1961.

Í þinghaldi 29. f. m. lagði lögmaður stefnda fram greinargerð ásamt fleiri skjölum og gerði þær dómkröfur, aðallega að málinu verði vísað frá dómi og að stefnanda verði gert að greiða málskostnað að mati dómarans.

Til vara krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómarans, til þrautavara krefst lögmaður stefnda, að umbjóðandi hans verði sýknaður gegn greiðslu á kr. 1.772.40, og til ýtrustu vara, að hann verði sýknaður gegn greiðslu á kr. 2.621.13, enda falli málskostnaður þá niður.

Lögmaður stefnanda mótmælti frávísunarkröfunni og krafðist málskostnaðar úr hendi stefnda.

Lögmenn málsaðilja höfðu þegar skipzt á framlögðum málskjölum og voru reiðubúnir að flytja málið munnlega, að því er varðaði frávísun, og fór málflutningur þá þegar fram.

Stefndi byggir frávísunarkröfu sína á því, að ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku verði ekki sótt til sakar fyrir íslenskum dómstólum. Í varnarsamningnum, lögum 110/1951, sé hvergi tekið fram, að íslenskir dómstólar eigi lögsögu yfir ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku, er leiði af samningi þeirra við íslenska aðilja, varnarliðið sé að þessu leyti ex territoríalt. Hér sé um að ræða fjárkröfu á hendur ríkissjóði Bandaríkjanna, og málum gegn honum verði aðeins til laga haldið á aðsetursstað Bandaríkjastjórnar, nema um annað hafi verið sérstaklega samið.

Stefnandi hefur mótmælt frávísunarkröfunni. Hann kveður stefnukröfu á hendur varnarliðinu sem atvinnuveitanda vera framkomna vegna vanefnda á kjarasamningi. Varnarliðið, er tekið hafi að sér varnir landsins, hafi samkvæmt samningi, er hlotið hafi lagagildi, lög 110/1951, fengið heimild til þess að ráða íslenska borgara í þjónustu sína, og kaup og kjör þeirra eigi að fara eftir íslenskum lögum og venjum, og fráleitt væri, ef sækja ætti mál þetta í önnur lönd, Bandaríkin.

Stefnandi krafðist málskostnaðar úr hendi stefnda.

Þann 5. maí 1951 var gerður varnarsamningur milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkja Ameríku á grundvelli Norður Atlantshafssamningsins, og þann 8. maí sama ár var gerður viðbótar-samningur um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra. Samningar þessir hafa öðlzt lagagildi með lögum nr. 110 frá 19. desember 1951.

Í 4. tölulið 6. greinar í viðbæti um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra eru ákvæði, er heimila Bandaríkjunum að ráða hæfa íslenska borgara til starfa í sambandi við samninginn. Samþykki Ísland slíkar ráðningar, fer slík ráðning fram með aðstoð og um hendur þess eða þeirra fyrirsvarsmanna, er Ísland til þess kveður.

Enn fremur segir í tilvitnaðri grein, að ráðningarkjör, einkum vinnulaun o. fl., skulj fara að íslenskum lögum og venjum.

Frá því að Íslendingar réðust fyrst hér til starfa hjá varnarliðinu, fór ráðning þeirra hér um hendur íslensks ráðningarstjóra, er til þess starfs var settur af íslenskum stjórnvöldum, og er svo enn.

Sérstök nefnd, kaupskrárnefnd, var síðan sett af íslenskum stjórnvöldum, sbr. dómsskjal nr. 13, til þess að vera ráðgefandi um vinnukjör íslensks starfsfólks í þjónustu varnarliðsins.

Í 12. gr., öðrum tölulið, viðbætis um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna, lög 110/1951, eru ákvæði um, að Bandaríkin muni afla

nauðsynlegrar lagaheimildar til þess að framkvæma skyldur sínar samkvæmt samningnum.

Verður að ætla, að í þessu felist m. a., að stjórn Bandaríkjanna afli lagaheimildar, til þess að varnarliðið eða fyrirsvarsmenn þess hér geti svarað til sakar í málum sem þessu.

Varnarliðið er hér stór atvinnuveitandi, og verður að líta svo á, að það sem slíkur beri ábyrgð á vanefndum á samningi eftir almennum reglum hér, enda hefur varnarliðið í verki fram að þessu svarað til sakar í kaupkröfumálum, er höfðuð hafa verið á hendur því.

Í síðustu málsgrein 5. greinar varnarsamningsins segir:

„Ekkert ákvæði þessa samnings skal skýrt þannig, að það raski úrslitayferráðum Íslands yfir íslenskum málefnum.“

Hér er um sérstæða, staðbundna vinnulaunakröfu að ræða, er telja verður íslenskt málefni, og í tilvitnaðri 6. grein, 4. tölulið, um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna segir, að ráðningarkjör, einkum vinnulaun þeirra Íslendinga, er hjá varnarliðinu starfa, skuli fara að íslenskum lögum og venjum.

Af öllu þessu, er nú hefur verið rakið, lítur dómurinn svo á, að ágreiningsmál þetta heyri undir íslenska lögsögu, og er því frávísunarkröfu stefnda hrundið.

Eftir atvikum þykir rétt, að ákvörðun um málskostnað bíði efnisdóms í málinu.

Því úrskurðast:

Frávísunarkrafa stefnda verður ekkj tekin til greina.

---